

ÁRSSKIL

Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2019

Gjalddagi virðisaukaskatts þeirra aðila sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá fyrir árið 2019 er **6. febrúar** n.k. Virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörss á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2019 ber einnig að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla). Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Vakin er athygli á því að skila skal virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra www.skattur.is. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Ef skattskyld velta ársins 2019 var 4.000.000 kr. eða hærrí er forsenda brostin fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið. Ber þá að skila leiðréttingarskýrslu til ríkisskattstjóra minnst átta dögum fyrir gjalddaga þess tímabils þegar þessu veltumarki er náð svo unnt sé að breyta skilamáta skattaðila í almenn skil á tveggja mánaða fresti í stað ársskila. Skýrsluna er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra:

<https://www.rsk.is/atvinnurekstur/eydublod/2020>

Á leiðréttingarskýrslunni ber að skipta veltu, útskatti og innskatti niður á hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins og gera upp virðisaukaskatt ársins á gjalddaga þess tímabils þegar veltan náði 4.000.000 kr. Eftir þann tíma ber að gera upp virðisaukaskatt fyrir hvert tveggja mánaða tímabil út árið og næsta ár á eftir. Athygli er vakin á því að ef komið er fram yfir gjalddaga þess tíma-

bils þegar það uppgötvast að 4.000.000 kr. veltumarki er náð getur komið til álagsútreiknings (sjá nánar um álag á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar).

Eftir að búið er að breyta skilamáta úr ársskilum í tveggja mánaða skil er unnt að greiða virðisaukaskatt úr heimabanka. Ef breytingin næst ekki tímanlega er engu að síður hægt að greiða virðisaukaskatt á gjalddaga, og koma þannig í veg fyrir að álag reiknist, með því að greiða inn á reikning innheimtumanns ríkissjóðs: banki 0101, hb. 26, reikningsnúmer 85002 og kennitala 540269-6029. Kvittun með skýringu, þar sem fram komi kennitala skattaðila, vsk-nr., uppgjörstímabil og ár, sendist á tölvupóstfangið 85002@rsk.is.

Innheimtumaður ríkissjóðs er ríkisskattstjóri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess eru það sýslumenn í hverju umdæmi og er einnig hægt að greiða inn á bankareikninga þeirra. Upplýsingar um reikningsnúmer innheimtumanna ríkissjóðs er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra:

<https://www.rsk.is/innheimta/innheimta/>

Veltumörk fyrir árið 2020

Veltumörk ársskila fyrir árið 2020 nema 4.000.000 kr. og viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds eða greiddra launa 200.000 kr. Aðili sem er í tveggja mánaða skilum árið 2020 færast ekki í ársskil þó svo að velta hans sé undir 4.000.000 kr. ef reiknað endurgjald hans eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærrí á mánuði.

Minnt er á bæklinginn „Ársskil á virðisaukaskatti“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á rsk.is. Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2020 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra.